

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Hvaleyrarbrautar 20.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 26. mars 2025 breytingu á deiliskipulagi. Breyting felst í að heimilað er að byggja á lóðinni sex fjölbýlishús, þriggja til sex hæða með 110 íbúðum. Fjölbýlishúsin tengjast með bílakjallara. Gert er ráð fyrir 200 m² af verslunar- og þjónusturými frá Stapagötu.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Baughamars 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 21. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi. Breyting felst í að íbúðum er fjölgað um 10 á lóðinni. Gólfkóti bílakjallara hækkar um 50 cm. Efsti hæðarkóti breytist úr 21 m í 21,5 m. Byggingarreitir og reitir fyrir djúpgáma færast lítilega til vesturs. Bílastæðum fjölgar um 10.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerðum og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 27. maí 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 12. júní 2025